

Lýsigögn

FJÁRMÁLAREIKNINGAR – ÁRLEGIR

1. Tengiliður	2
2. Lýsigögn uppfærð	2
3. Framsetning	2
4. Mælieining	8
5. Viðmiðunartími	8
6. Umboð	8
7. Trúnaðarkvaðir	9
8. Reglur um birtingar	9
9. Tíðni birtinga	10
10. Aðgengileiki og skýrleiki	10
11. Gæðastjórnun	12
12. Notagildi	13
13. Nákvæmni og áreiðanleiki	14
14. Tímanleiki og stundvísi	16
15. Samræmi og samanburðarhæfni	17
16. Kostnaður og svarbyrði	18
17. Endurskoðun hagtalna	18
18. Úrvinnsla hagskýrslna	20
19. Athugasemdir	22

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Efnahagsmál
1.3 Nafn tengiliðar	Teymi opinberra fjármála og geirareikninga
1.5 Heimilisfang stofnunar	Borgartún 21a, 105 Reykjavík
1.6 Netfang tengiliðar	upplýsingar@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1000

2. Lýsigögn uppfærð

2.1 Lýsigögn síðast yfirfarin	20.12.2021
2.2 Lýsigögn síðast birt	28.01.2022
2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	28.01.2022

3. Framsetning

3.1 Lýsing á gögnum

Tilgangur fjármálareikninga er að setja fram tölulegt yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldbindingar hagkerfisins í heild sem og allra yfir- og undirgeira þess. Við uppgjör fjármálareikninga er eign eins geira færð sem skuld hjá öðrum geirum. Undantekning frá þessu er þó gullforði Seðlabankans sem hefur engan mótaðila skv. ESA2010. Fjármálareikningar sýna fjármögnun geiranna á eigin rekstri eða annarra og veita innsýn í þá fjármálagerninga sem notaðir eru.

Fjármálareikningar eru mikilvægt tæki til þess að greina fjármagnsstreymi á milli efnahagsgeira innan hagkerfisins og samband innlendra efnahagsgeira við útlönd. Fjármálareikningar auðvelda greiningu á peningalegum meginstærðum og notkun þeirra. Styðjast má við reikningana við mat á áhrifum efnahagsstefnu á fjáreignir og fjárskuldbindingar og til þess að varpa ljósi á frammistöðu hagkerfa.

Reikningarnir eru notaðir við mat á áhrifum breytinga í fjármálaumhverfinu á eignarhald eða fjármálalegar tilfærslur, t.d. vaxta- og verðbreytingar. Hægt er að skoða breytingar á stórum sjóðum fjármálastofnana og notkun þeirra. Viðskiptafærslur fjármálastofnana geta endurspeglað greiðsluhæfni stofnana og breytingar innan þeirra. Munur stofnstærða efnahagsreikninga á milli ára getur táknað endurmat og aðrar magnbreytingar sem rekja má til breytinga á mörkuðum, t.d. hlutabréfa- og gjaldeyrismörkuðum.

Fjármálareikningar eru flokkaðir eftir þátttakendum á fjármálamarkaði (efnahagsgeirum) og fjármálagerningum samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, ESA 2010 (e. European System of Accounts), sem er útfærsla Eurostat á hinum alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðli SNA 2008.

Þjóðhagsreikningastaðallinn var innleiddur í september 2014. Hagkerfinu er skipt í tvo hluta, annars vegar innlenda efnahagsgeira og hins vegar útlönd (e. Rest of the World) sem eiga fjáreignir eða fjárskuldbindingar á Íslandi. Í fjármálareikningunum er ekki tekið tillit til innbyrðis skulda á milli fyrirtækja innan sömu samstæðu, þ.e. reikningarnir eru ekki birtir sem samstæður (e. consolidated). Íslensku reikningarnir eru því ekki samstæðureikningar að útlöndum undanskildum.

Fjármálareikningar ná til stofnstærða (e. stocks) fjáreigna og -skuldbindinga allra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins í lok almanaksárs og flæðistærða fyrir allt hagkerfið. Flæðistærðir má sundurliða í viðskiptafærslur (e. transactions), endurmat (e. revaluation) og aðrar magnbreytingar (e. other volume changes). Flokkun fjármálagerna er háð greiðslufærni eða torseljanleika þeirra og lögbundnum einkennum.

$$\text{Stofnstærð}_{t-1} + \text{viðskiptafærslur}_t + \text{endurmat}_t + \text{aðrar magnbreytingar}_t = \text{Stofnstærð}_t$$

Í maí 2010 hófst eiginleg vinnsla reikninganna þegar Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands gerðu samkomulag um gerð fjármálareikninga. Í samkomulaginu var ábyrgð stofnananna á einstökum þáttum verkefnisins skilgreind.

Hagstofan sér um öflun og úrvinnslu gagna vegna fjögurra geira sem eru:

- 1) Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki.
- 2) Hið opinbera og undirgeirar þess.
- 3) Heimili.
- 4) Félagasamtök (e. Non-Profit Institutions Serving Households).

Seðlabankinn sér um:

- 5) Fjármálafyrirtæki og undirgeira þeirra.
 - 6) Útlönd þ.e. útreikninga á erlendri stöðu þjóðarbúsins.
- (Lýsigögn Seðlabanka Íslands má finna [hér](#))

Þá er lokafrágangur og afstemming reikninganna, bæði vegna stofn- og flæðistærða, á ábyrgð Hagstofunnar.

3.2 Flokkunarkerfi

ESA2010 staðallinn leggur í té aðferðafræði og skilgreinir þær flokkanir sem Hagstofan vinnur eftir við úrvinnslu fjármálareikninga. Þessar flokkanir eru ESA 2010 hageiraflokkun stofnanaeininga og sundurliðun fjármálagerna, sjá 3.3 og 3.4.

3.3 Umfang efnis - þekja

Allir haggeirar eru skilgreindir í ESA 2010. Samkvæmt ESA2010 eru þessar fimm einingar sundurliðaðar eftir eftirfarandi innlendum haggeirum: fjármálafyrirtæki, fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki, heimilin, hið opinbera og félagasamtök. Sjötti geirinn er svo viðskipti við útlönd.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Þau hugtök sem notuð eru í fjármálareikningum byggja öll á hinu evrópska þjóðhagsreikningakerfi (ESA 2010). Samkvæmt ESA 2010 eru fjármálagerningarnir alls átta og eru í stuttu máli sem hér segir (listað hér eins og það kemur fram í [talnaefni](#)):

F.1 Gull og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (e. *Monetary Gold & Special Drawing Rights, SDRs*): Þetta á aðeins við um Seðlabanka Íslands, þ.s. gull er hluti af gjaldeyrisforða Seðlabankans sem og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

F.2 Sjóðir og innstæður (e. *Currency and Deposits*): Samanstendur af seðlum í umferð og óbundnum innstæðum, sem unnt er að breyta í gjaldmiðil án verulegra takmarkana, og öðrum innistæðum.

F.3 Verðbréf önnur en hlutafé (e. *Debt securities*): Framseljanleg verðbréf án ákvörðunarréttar og sambærileg skuldaskjöl. Til verðbréfa annara en hlutafjár teljast skammtíma og langtíma skuldabréf með og án veða, verðtryggt skuldabréf og sams konar fjármálagerningar sem geta gengið kaupum og sölum á markaði.

F.4 Útlán/lántaka (e. *Loans*): Öll lán fjármálastofnana. Til útlána teljast yfirdráttarlán, lán með föstum afborgunum (e. instalment loans), fjármögnunarleiga og viðskiptakrafna lán.

F.5 Hlutafé og annað eigið fé (e. *Equity and investment fund shares or units*): Skráð og óskráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini og hlutir í hlutdeildarfélögum.

F.6 Vátryggingaeign/-skuld (e. *Insurance Technical Reserves*): Skaðatryggingar, líftryggingar og lífeyrisréttindi.

F.7 Afleiður (e. *Financial derivatives and employee stock options*): Framvirkir samningar, valréttir og aðrir sambærilegir fjármálagerningar.

F.8 Aðrar viðskiptakröfur/-skuldir (e. *Other Accounts Receivable/Payable*): Viðskiptaskuldir/-eignir og aðrar eignir/skuldir s.s. skattar, kröfur vegna ófrágenginna kaupa og sala verðbréfa.

Í talnaefni fjármálareikninga er gerður greinamunur á fjáreignum (FA) og fjárskuldbindingum (FL).

Samkvæmt ESA 2010 flokkast hver gerningur í frekari undirflokkum en núverandi íslenskir fjármálareikningar búa ekki yfir þess konar upplýsingum að svo stöddu.

Við gerð fjármálareikninga er íslenska hagkerfinu skipt í nítján yfir- og undirgeira. Íslenski efnahagsgeirinn skiptist í fimm yfirgeira og þrettán undirgeira en nítjándi efnahagsgeirinn, útlönd, nær yfir alla erlenda aðila. Yfir- og undirgeirarnir eru eftirfarandi (listaðir hér eins og þeir koma fyrir í [talnaefni](#)):

S.1 Ísland (innlendir efnahagsgeirar)

S.11 Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki

S.12 Fjármálafyrirtæki

S.121 Seðlabanki Íslands

S.122 Innlánsstofnanir

S.123 Peningamarkaðssjóðir

S.124 Verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðir

S.125 Önnur fjármálafyrirtæki

S.125X Fjármálafyrirtæki í slitameðferð

S.126 Þjónustuaðilar við fjármálafyrirtæki

S.127 Bundnar fjármálafyrirtæki (þ.m.t. eignarhaldsfélög)

S.128 Tryggingafélög

S.129 Lífeyrissjóðir

S.13 Hið opinbera

S.1311 Ríkið

S.1313 Sveitarfélög

S.1314 Almennatryggingar

S.14 Heimili

S.15 Félagasamtök

S.2 Útlönd (erlendir efnahagsgeirar)

3.5 Hagskýrslueining	Undirliggjandi grunneining er stofnanaeining (e. institutional unit) skv. skilgreiningu í greinum 2.12-2.13 í ESA 2010. Niðurstöður eru birtar eftir yfir- og undirgeirum hagkerfisins, einnig skilgreindir af ESA 2010, eins og lýst er í 3.4.
3.6 Þýði	Markþýði fjármálareikninga er öll efnahagsleg viðskipti allra innlendra efnahagsgeira innan tilgreindra fjármálagerna ásamt viðskiptum þeirra við útlönd.
3.7 Svæði	Íslenskt efnahagssvæði.
3.8 Tímabil	Talnaefni árlegra fjármálareikninga nær nú yfir tímabil frá og með árinu 2003. Talnaefnið er uppfært ár hvert.
3.9 Grunttímabil	Á ekki við.
4. Mælieining	
4. Mælieining	Mælieining fjármálareikninga er íslensk króna (milljónir króna) annars vegar og hins vegar hundraðshlutar, t.d. hlutdeild í vergri landsframleiðslu.
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	Árstölur fjármálareikninga vísa til almanaksársins.
6. Umboð	



Lýsigögn

6.1 Lög og reglugerðir

Sjá [lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007](#).

Á Íslandi byggir gerð hagskýrslna um fjárhag hins opinbera á samræmdum þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, European System of National Accounts 2010 (ESA 2010). Lagalegur grundvöllur staðalsins er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [nr. 549/2013](#) frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu.

Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2014 frá 8. apríl 2014. Á grundvelli reglugerðarinnar hefur Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, gefið út leiðbeiningar og álit um einstök viðfangsefni sem ætlað er að auðvelda túlkun staðalsins og leiðbeina frekar um notkun hans. Eurostat sinnir einnig eftirliti með því að gildandi reglugerðum sé framfylgt. Framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 er í höndum Hagstofu Íslands sem er sjálfstæð stofnun og miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar hér á landi.

7. Trúnaðarkvaðir

7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna

Sjá [reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna](#)

7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna

Grunngögn eru varðveitt á Hagstofunni. Afstaða er tekin til þess hverju sinni hvort utanaðkomandi aðilar fá aðgang að ítarlegri sundurliðun gagna en birt eru. Í því sambandi er verndun trúnaðarupplýsinga höfð í fyrirrúmi og fylgt verklagsreglum Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna sem eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar. Sjá [lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð](#), greinar 10 til 13.

8. Reglur um birtingar



Lýsigögn

8.1 Birtingaráætlun	<p>Mikilvægt er að notendur séu upplýstir um ný talnagögn fjármálareikninga og tilheyrandi fréttakynningar með góðum fyrirvara fyrir viðkomandi útgáfu. Birtingar eru því tilkynntar og settar á birtingaráætlun í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.</p> <p>Allar breytingar á áætlun eru gerðar um leið og upplýsingar liggja fyrir og nýr útgáfudagur gefinn út.</p>
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	<p>Talnaefni verður aðgengilegt samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar. Til þessa hafa ekki orðið tafir frá áður tilkynntum dagsetningum. Í birtingaráætlun Hagstofunnar má sjá upplýsingar og dagsetningar á birtingum komandi árs, birtar í nóvember ár hvert.</p>
8.3 Aðgengi fyrir notendur	<p>Öllum notendum er veittur sami aðgangur að talnaefni fjármálareikninga en upplýsingar um birtingu þeirra, eins og annarra opinberra hagtalna, er aðgengileg í birtingaáætlun Hagstofunnar og engum notenda veittur aðgangur á undan öðrum. Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef stofnunarinnar undir fyrirsögninni „fjármálareikningar“.</p>
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	<p>Árlegt talnaefni vegna hagkerfisins í heild er gefið út einu sinni á ári með níu mánaða tímatöf (t+9). Tölur nýjasta ársins eru bráðabirgðatölur og sæta endurskoðun við birtingu gagna næsta árs á eftir (t+21). Gögnin eru send til hlutaðeigandi alþjóðastofnanna samhliða birtingu þeirra héraðs.</p>
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	<p>Niðurstöður fjármálareikninga eru gefnar út í fréttatilkynningum, bæði fyrir bráðabirgðatölur sem og endurskoðanir. Nákvæmar dagsetningar fréttatilkynninga eru aðgengilegar samkvæmt birtingaáætlun Hagstofunnar (sjá 8.1).</p> <p>Fréttatilkynningar birtast í fréttasafni Hagstofu Íslands.</p>

10.2 Útgáfur	Auk fréttatilkynninga og birtingu gagnasafna fjármálareikninga á netinu getur talnaefni einnig birst í öðrum útgáfum svo sem ársskýrslum, bæklingum, tölfræðihandbókum, greinum og öðrum erindum. Útgáfur eru aðgengilegar á heimasíðu Hagstofunnar .
10.3 Gagnasöfn á netinu	<p>Allt talnaefni fjármálareikninga er aðgengilegt notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „fjármálareikningar“.</p> <p>Talnaefni fjármálareikninga, sem og öðru talnaefni Hagstofunnar, er miðlað með PC-Axis (PX-Web) hugbúnaði sem upphaflega var hannaður af sænsku hagstofunni til þess að miðla tölfræðilegum upplýsingum.</p> <p>Talnaefni er hægt að hala niður á ýmsum sniðum svo sem Excel, CSV, PC-Axis og gröfum sem PNG og JPG.</p> <p>Aðgangur að talnaefni fjármálareikninga er gjaldfrjálst. Efni er uppfært í tengslum við birtingar (sjá 8.1) kl. 9 að morgni birtingardags.</p>
10.4 Aðgengi að örgögnum	Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu stofnunarinnar.
10.5 Annað	Auk fréttatilkynninga og annara útgáfa (sjá 10.1 og 10.2) geta upplýsingar varðandi fjármálareikninga birst á samfélagsmiðlum Hagstofunnar en stofnunin nýtir sér samfélagsmiðlana Facebook og LinkedIn. Fréttatilkynningum sem birtast á vef Hagstofunnar er einnig dreift á þessum miðlum.

10.6 Skjöl um aðferðafræði

Fjármálareikningar á Íslandi hafa verið gerðir skv. aðferðafræði þjóðhagsreikningakerfis Evrópusambandsins, ESA 2010, síðan árið 2014.

Helstu skýrslur um þá aðferðafræði sem nýtt er við gerð fjármálareikninga á Íslandi eru:

[European system of accounts 2010 \(ESA 2010\)](#). Þjóðhagsreikningastaðall Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, sem er útfærsla Eurostat á hinum alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðli SNA 2008.

[System of National Accounts, útgáfa 2008](#). Þjóðhagsreikningastaðall, samantekinn af vinnuhópi á vegum Eurostat, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, OECD og Sameinuðu þjóðunum.

[Flokkun stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum](#). Greinargerð um haggeiraflokkun stofnanaeininga í íslenskum þjóðhagsreikningum. Gefið út af Hagstofunni í tengslum við heildarendurskoðun tímaraða þjóðhagsreikninga árið 2020.

[IMF Working Paper: An integrated Framework for Financial Positions and Flows on a From-Whom-to-Whom Basis: Concepts, Status, and Prospects](#). Eftir: Shrestha, M, Mink, R., Fassler, S. (2012).

[Manual on sources and methods for the compilation of ESA 95 financial accounts](#). 2nd edition - 2011 update. Leiðarvísir tekinn saman af Eurostat.

[Understanding Financial Accounts](#), 2017, OECD Publishing, Paris.

10.7 Skjöl um gæðamál

Að svo stöddu birtir Hagstofan engar skýrslur um gæðastjórnun við samantekt fjármálareikninga en [gæðastefna Hagstofu Íslands](#) er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

11. Gæðastjórnun

11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð og gæðastefnu Hagstofu Íslands .
11.2 Gæðamat	<p>Helstu efnisþættir fjármálareikninga byggja á upplýsingum stjórnsýslugagna sem oftast er safnað í öðrum tilgangi. Af þessu leiðir að fjármálareikningarnir samræmast ekki alltaf öðrum uppgjörum þjóðhagsreikninga. Bæði getur verið misræmi í flokkun eininga í haggeira eftir gagnalindum sem og flokkun fjármálaafurða.</p> <p>Hér vegur upp á móti mikill kostur þess að nánast full þekja næst í flestum tilvikum á sama tíma og svarbyrði er haldið í lágmarki.</p> <p>Notast er bæði við reglubundna niðurstöðufundi og sífelld samtal við helstu gagnaveitendur til þess að taka á þessum atriðum og tryggja samræmda reikninga og heildstæðni.</p>
12. Notagildi	
12.1 Þarfir notenda	<p>Notendur fjármálareikninga eru m.a. stjórnvöld, fyrirtæki, almenningur, fjölmiðlar og alþjóðastofnanir sem nota fjármálareikninga m.a. til þess að greina fjármagnsstreymi á milli efnahagsgeira innan hagkerfis og samband innlendra efnahagsgeira við útlönd eða við mat á áhrifum efnahagsstefnu á fjáreignir og fjárskuldbindingar. Fjármálareikningana má nota við mat á áhrifum breytinga í fjármálaumhverfinu á eignarhald eða fjármálalegum tilfærslum, t.d. vaxta- og verðbreytingum. Hagstofa Íslands leggur mikið upp úr góðu samstarfi við notendur hagtalna og skipuleggur fundi og kannanir til þess að skilja betur þarfir og væntingar notenda með það að markmið að auka gæði.</p>
12.2 Ánægja notenda	<p>Álit og skoðanir notenda fjármálareikninga er eitt þeirra verkfæra sem hægt er að nota til þess að mæla gildi og gagnsemi talnaefnis fjármálareikninga.</p> <p>Hagstofa Íslands er meðvituð um mikilvægi skoðana notenda en að svo stöddu er ekki til neinn mælikvarði á ánægju notenda fjármálareikninga sérstaklega en skoðanir og álit notenda opinbera hagtalna hefur verið safnað og kannað, til þess að mæla ánægju notenda, í notendakönnun Hagstofunnar.</p>

12.3 Heildstæðni

Fjármálareikningar á Íslandi eru unnir í samræmi við aðferðafræði ESA2010. Vinnsluferlið byggir á svokölluðum whom-to-whom-grunni en hingað til hafa niðurstöður ekki verið birtar með mótaðilum. Hægt er að sundurgreina helstu gerðir fjármálagerninga niður í frekari undirliði og vinna er hafin við að gera það. Samkvæmt miðlunaráætlun ESA2010 eiga reikningarnir að ná aftur til ársins 1995 en að svo stöddu ná þeir eingöngu aftur til ársins 2003.

13. Nákvæmni og áreiðanleiki

13.1 Nákvæmni

Með kerfisbundinni afstemmingu og ítarlegri sundurliðun gagna að forskrift þjóðhagsreikningastaðals ESA 2010 má tryggja nákvæmni fjármálareikninga. Fjármálagerningar eru almennt færðir á markaðsvirði. Þegar markaðsverð er ekki fyrir hendi þarf að beita nálgunum sem eiga að endurspeglar verð fjármálagerninga í viðskiptum á markaði. Virði fjármálagerninga sem upphaflega eru skráðir í erlendri mynt þarf að færa yfir í íslenskar krónur á markaðsgengi þess dags sem efnahagsreikningur er miðaður við. Þá getur reynst vandasamt að meta einstaka fjármálagerninga en sem dæmi eru öll hlutabréf, skráð og óskráð, og eigið fé meðhöndlað sem óskráð hlutabréf/eigið fé sökum smæðar íslenska hlutabréfamarkaðsins.

Til afstemmingar á reikningunum þarf að vera hægt að bera saman tiltæk gögn við aðra geira sem birta svokölluð mótgögn (*e. counterpart data*). Umtalsverður mismunur getur verið á milli tveggja geira vegna sama gernings þar sem upplýsingar um fjárhæðir fást bæði frá lánardrottni og skuldunaut. Þessi munur getur stafað af ólíkum skilgreiningum og matsaðferðum. Þá þarf að meta áreiðanleika gagna eftir uppruna þeirra og þannig ákvarða lokastöðu útistandandi eigna/skulda.

Röð efnahagsgeira eftir áreiðanleika niðurstaðna er sýnd hér en hún er notuð þegar lokastaða fjáreigna og fjárskuldbindinga hagkerfisins er metin.

Áreiðanleikaröð:

1. Hið opinbera
2. Seðlabanki Íslands
3. Útlönd (erlend staða þjóðarbúsins)
4. Fjármálafyrirtæki
5. Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki
6. Heimili og félagasamtök

13.2 Úrtaksvillur

Á ekki við



13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)

Við uppbyggingu fjármálareikninga hefur þurft að taka á nokkrum vandamálum sem tengjast gagnasöfnun og aðferðafræði. Einhver skortur hefur verið á gögnum og þá hafa ákveðin gögn aðeins verið fánleg sem heildargögn sem gerir það að verkum að sundurliðun á milli geira og fjármálagerninga er erfið. Til dæmis eru verðbréfaeignir fyrirtækja og heimila ein samtala í skattframtölum.

Erfitt er að draga rétta mynd af íslenska hagkerfinu á árunum 2008-2009 vegna gagnavandamála í kjölfar fjármálahrunsins en straumhvörf (*e. structural break*) má glögglega sjá í flestum tímaröðum. Vandasamt hefur verið að meta eignir og skuldir þessa tímabils þar sem raunverulegt markaðsvirði er ekki til staðar. Fall krónunnar og stöðugar sveiflur gjaldmiðilsins höfðu einnig í för með sér aukið misræmi í birtum gögnum. Þá voru gögn fjármálastofnana minna sundurliðuð fyrir á árum sem hefur gert geiraflokkun vandasamari.

Misræmi hefur verið á milli gagna frá erlendum aðilum (S.2) og fjármálafyrirtækjum (S.12) og hefur hvert einstakt tilfelli verið metið. Í gögnum frá erlendum aðilum eru erlendar fjáreignir og -skuldbindingar gerðar upp á miðgengi Seðlabankans en í efnahagsyfirlitum fjármálastofnana er ýmist stuðst við kaup- eða sölugengi sem veldur skekkju, sérstaklega þegar um háar fjárhæðir er að ræða.

Ósamræmi kemur fram í gögnum RSK og innlánsstofnana um útlán til fyrirtækja og heimila, sér í lagi árin 2008-2009 en þá höfðu viðskiptabankarnir keypt útlán af gömlu bönkunum og var bókfært virði þeirra lægra en fram kemur í gögnum RSK. Misræmi er einnig í gögnum frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð og fjármálastofnunum en í innsendum efnahagsyfirlitum fjármálafyrirtækja í slitafarli koma allar kröfur fram sem gerðar eru í þrotabúin. Eigendur þessara krafna hafa aftur á móti lækkað hluta af kröfunum þar sem ekki er gert ráð fyrir að allt innheimtist. Hafa ber í huga að tölur um lán eru á bókfærðu virði eins og það kemur fyrir í efnahagsreikningum innlánsstofnana.

14.1 Tímanleiki	<p>Árleg bráðabirgðagögn vegna hagkerfisins í heild eru gefin út með tæplega níu mánaða tímatöf (t+9) og endurskoðuð/lokagögn með um 15 mánaða tímatöf (t+15). Sending gagna til hlutaðeigandi alþjóðastofnana fylgir í kjölfar birtingar á Íslandi. Fjármálareikningarnir eru aðgengilegir á íslensku og ensku á heimasíðu Hagstofunnar.</p>
14.2 Stundvísi	<p>Niðurstöður eru birtar samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar. Til þessa hafa ekki orðið tafir frá áður tilkynntum dagsetningum.</p>
15. Samræmi og samanburðarhæfni	
15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	<p>Samanburður við erlendar hagtölur er afar algengur og ætti að vera marktækur fyrir þau lönd sem fylgja sama staðli við gerð þjóðhagsreikninga og fjármálareikninga, ESA2010, sem ESB og EES-ríki fylgja sem og aðrar þjóðir sem fylgja SNA2008 staðlinum sem er samrýmanlegur við ESA2010.</p> <p>Það er þó ekki alltaf hægt að tryggja samanburðarhæfni að fullu vegna þess hve grunngögn og samantekt fjármálareikninga getur verið breytileg.</p>
15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma	<p>Mikilvægt er að samræmdum aðferðum sé beitt við gerð fjármálareikninga frá ári til árs svo tímaraðir verði eins samanburðarhæfar og kostur er. Með tilkomu nýrra og betri heimilda eða aðferða getur sambærileikinn raskast og er þá leitast við að leysa þann vanda. Með innleiðingu nýja þjóðhagsreikningastaðalsins ESA 2010 var tímaröðum breytt aftur til upphafsárs reikninganna, 2003, til þess að gæta samræmis í tímaröðunum.</p>
15.3 Samræmi – milli efnissviða	<p>Samanburður á fjármálareikningum við innlendar hagtölur er ýmsum takmörkunum háður. Má þar einna helst nefna að skilgreiningar yfir- og undirgeira á einstaka fjármálagerningum geta verið breytilegar. Eins geta reikniaðferðir verið ólíkar og því virði gerninganna breytilegt samkvæmt því.</p> <p>Ósamræmi er aftur á móti á milli fjármálareikninga og tekjuskiptingauppgjors þegar kemur að hreinum lánveitingum/hreinum lánum allra geira. Mismunurinn er vaktaður án þess þó að hann sé stemmdur af.</p>

15.3 Samræmi – innan efnissviðs

Allt ósamræmi er tilkynnt til Eurostat. Enn sem komið er hefur engin ákvörðun verið tekin um það hvort slíkar skýrslur verði gerðar opinberar. Ósamræmi kemur til vegna ólíkra aðferðafræði uppgjöranna sem og stöku mismunar á milli grunngagnaheimilda.

16. Kostnaður og svarbyrði

16. Kostnaður og svarbyrði

Fjármálareikningar nýta ýmsar stjórnsýsluskrár sem safnað er í öðrum tilgangi. Seðlabankinn útvegar gögn vegna fjármálafyrirtækja og útlanda. Til þess að halda svarbyrði í lágmarki er lítið leitað beint til fyrirtækja og þá helst varðandi gögn sem þegar eru tiltæk. Ekki er leitað til einstaklinga.

17. Endurskoðun hagtalna

17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna

Sjá [stefnu](#) Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.

17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd

Endurskoðun hagtalna, með öðrum orðum breyting á talnaefni sem varða tímabil sem áður hefur verið birt, er eðlilegur hluti af vinnslu þjóðhagsreikninga. Gerður er greinarmunur á tvenns konar endurskoðunum:

- Virkar eða reglulegar endurskoðanir (e. current or routine revisions).
- Meiriháttar endurskoðanir (e. major revisions).

Reglulegar endurskoðanir fjármálareikninga fara fram samhliða útgáfunum:

- Fyrsta útgáfa, árleg bráðabirgðagögn, er gefin út með tæplega níu mánaða tímatöf (t+9). Í þessari útgáfu eru eldri ár einnig endurskoðuð í samræmi við almenna hringrás reglulegra endurskoðana árlegra þjóðhagsreikninga (ráðstöfunaruppgjörs og fjármála hins opinbera).
- Önnur útgáfa, endurskoðun á birtum bráðabirgðagögnum, er birt með um 15 mánaða tímatöf (t+15). Hér eru einnig endurskoðaðar eldri árstölur, þá sérstaklega fjármálareikningar í hlutfalli af VLF, í samræmi við endurskoðunarferli ráðstöfunaruppgjörs.

Samhliða eru yfirfarnar reglulegar endurskoðanir árstalna þjóðhagsreikninga, *ráðstöfunaruppgjörs*, sem eru venjulega gefnar út tvisvar á ári. Í stuttu máli er hægt að lýsa hringrás reglulegra endurskoðana þjóðhagsreikninga á ráðstöfunaruppgjöri á eftirfarandi hátt:

- Útgáfa 1, kallað áætlun, er birt í lok febrúar eftir að viðmiðunarári líkur (t + 60 dagar).
- Útgáfa 2, kallað bráðabirgðagögn, er birt í lok ágúst (t + 8 mánuðir) og 2. ársfjórðung ársins sama dag.
- Útgáfa 3, er gefin út í lok febrúar ári síðar (t + 14 mánuðir).

Reglulegar endurskoðanir vísa til breytinga á tímaröðum sem kunna að verða á milli bráðabirgðatalna og síðan „endanlegri“ talna, eða breytinga sem eiga sér rætur að rekja í fyrirkomulagi reglulegrar úrvinnslu. Aðrar endurskoðanir, sem taka til lengri tíma, nefndar meiriháttar endurskoðanir geta komið til af ýmsum ástæðum. Algengustu ástæður eru nýjar heimildir, nýjar aðferðir eða flokkanir, breyttar aðferðir í kjölfar innleiðingu nýrra alþjóðlegra staðla og þess háttar. Slíkar endurskoðanir tengjast lengra tímabili og eru yfirleitt gerðar með lengra

millibili. Þessum meiriháttar endurskoðunum er skipt í meiriháttar atviksbundnar endurskoðanir og meiriháttar reglubundnar endurskoðanir.

Árið 2014 var til að mynda endurskoðun vegna innleiðingar ESA2010-þjóðhagsreikningastaðalsins. Í lok árs 2020 framkvæmdi Hagstofan svo reglubundna meiriháttar endurskoðun og fylgdi birting endurskoðaðra fjármálareikninga í kjölfarið í byrjun árs 2021.

Stefnt er að næstu reglulegu meiriháttar endurskoðun árið 2024.

18. Úrvinnsla hagskýrslna

18.1 Grunnögn

Ýmsar heimildir eru notaðar við gerð fjármálareikninga en meirihluti þeirra grunngagna sem notuð eru í samantekt fjármálareikninganna eru stjórnsýsluskrár sem safnað er í öðrum tilgangi. Hér ber helst að nefna:

- Grunnögn fyrir *hið opinbera og undirgeirar þess* eru ríkisreikningur, reikningar sveitarfélaga og almannatrygginga.
- Fyrir *útlönd* ber helst að nefna grunnögn um erlenda stöðu þjóðarbúsins, gögn sem safnað er af Seðlabanka Íslands.
- Fyrir *fjármálafyrirtæki og undirgeira þess* er það efnahagsreikningar, gögn sem safnað er af Seðlabanka Íslands, ásamt skattframtölum frá Ríkisskattstjóra.
- Fyrir *fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki og bundin fjármálafyrirtæki (eignarhaldsfélög)* eru það sömuleiðis efnahagsreikningar og skattframtöl frá Ríkisskattstjóra.
- Fyrir bæði *heimili og félagasamtök* eru megin grunnögnin skattframtöl frá Ríkisskattstjóra.

18.2 Tíðni gagnasöfnunar

Fjármálareikningar eru unnir úr áður nefndum grunnögnum á árs fresti. Vegna eðli grunngagnanna getur tíðni gagnasöfnunar verið breytileg og tímasetningar grunngagna skarast á við vinnslu og birtingu fjármálareikninga en gögnum er safnað allt árið úr ýmsum áttum.

18.3 Gagnasöfnun

Gagnasöfnunarferlið á sér stað í gegnum nokkrar miðlunarleiðir:

- Rafræn gagnaskil til Hagstofu Íslands
- Speglnun gagnagrunna milli stofnana
- Rafræn gagnaskil í gegnum „tölvuský“ (e. cloud services)
- Tölvupóstur

Notast er við ólíkar miðlunarleiðir eftir eðli gagnanna og hvort um ræðir gögn innan Hagstofunnar eða milli stofnana.

18.4 Sannprófun

Við framleiðslu meginsamtalna uppgjóra þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála eru prófanaferli innleidd þar sem samtölur allra uppgjóra eru sannprófaðar. Sannprófunin felur m.a. í sér samanburð talna innan tiltekins uppgjors sem og samanburður talna á milli uppgjóra.

Hliðstæðar samtölur uppgjóra eru yfirleitt teknar saman á einn eða annan veg:

1. Hliðstæðar samtölur uppgjóra eru sóttar beint úr einu uppgjöri sem sér alfarið um vinnslu og útreikning viðkomandi samtölu.
2. Hliðstæðar samtölur eru reiknaðar út frá mismunandi uppgjorsaðferðum og er því aðferðafræðilegur mismunur á milli samtalna. Slíkar tölur eru bornar saman á milli uppgjóra eftir vinnslu- og útreikningarferli.

Þar til gerð ferli sem innihalda sannprófunarferli ganga úr skugga um að hliðstæðar samtölur stemmi á milli uppgjóra.

Þar sem fjármálareikningar byggja á hagtölum úr fjölmörgum áttum og fjalla um alla helstu geira þá kemur reglulega upp sú staða að grunnöggn gefa ólíkar myndir af hagstærðum. Þessi tilvik eru greind. Að lokum er sjónræn framsetning uppgjóra framkvæmd þar sem stærðir eru frekar greindar.

18.5 Gagnavinnsla

Grunngögn eru tekin saman fyrir sérhvern geira og fjármálagerning og flokkuð eftir mótaðilum. Í kjölfarið hefst afstemmingarferli þar sem eignir og skuldir eru stemmdar af. Farið er eftir bæði áreiðanleikaröð eins og lýst er í kafla 13.1 og eðli mótaðilagagna. Reikningarnir eru stemmdir af innbyrðis á milli geira, fjármálagerninga og á milli stöðu- og flæðistærða yfir tímabil.

Fjármálareikningar eru samvinnuverkefni Hagstofnunnar og Seðlabankans og reglulegir fundir eru haldnir þar sem gagnamál, afstemming og niðurstöður eru ræddar.

Einnig er horft til hagkerfisins í heild, sannprófun við önnur uppgjör eins og lýst er í kafla 18.4, sem og tölfræði fjármálafyrirtækja og greiðslujafnaðartölfræði.

Allri gagnavinnslu þjóðhagsreikninga, frá grunngögnum til útgefins talnaefnis, er lýst í [samantekinni lýsingu á aðferðum við gerð íslenskra þjóðhagsreikninga samkvæmt ESA 95-þjóðhagsreikningastaðlinum \(á ensku\)](#). Beðið er eftir birtingu nýrrar sambærilegrar lýsingar í samræmi við ESA 2010.

Þegar allir þættir hafa verið stemmdir af og fyllt hefur verið inn í allar töflur er gæðamat framkvæmt.

18.6 Aðlögun

Á ekki við.

19. Athugasemdir

19. Athugasemdir